

I.A. gegn Tyrklandi

Dómur frá 13. september 2005

Mál nr. 42571/98

10. gr. Tjáningarfrelsi

Refsing fyrir umfjöllun um trúarleg málefni.

1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1960 og býr í Frakklandi. Hann er eigandi og framkvæmdastjóri útgáfufyrirtækis. Í nóvember 1993 gaf hann út skáldsögu eftir Abdullah Riza Ergüven með heitinu *Hin forboðnu orð* þar sem fjallað var um heimspekileg og trúfræðileg málefni í skáldsagnarformi. Bókin var prentuð í 2000 eintökum.

Kærandi var ákærður fyrir brot gegn hegningarlögum vegna þess að bókinni birtust ummæli sem voru talin fela í sér móðgun við Guð, Trúna, Spámanninn og hina Heilögu bók. Þann 28. maí 1996 var kærandi sakfelldur og dæmdur í tveggja ára fangelsis. Var dómurinn síðar mildaður í sekt sem á þeim tíma var 16 bandarískir dollarar. Dómstóllinn byggði niðurstöðu sína á matsgerð og útdrætti úr bókinni þar sem fram kom m.a. að: „sum orðanna hefðu auk þess verið innblásin af gleðivímu í örmum Aishu ...Sendiboði guðs hefði rofið föstu sína með kynmökum eftir mat og fyrir bænastund. Múhameð hefði ekki bannað kynmök við látna menn eða lifandi dýr.“

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sakfelling hans og refsing hefðu brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að sakfelling kæranda hefði takmarkað tjáningarfrelsi hans. Takmörkunin væri reist á lagaheimild og hefði verið gerð í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir glundroða og vernda siðgæði svo og rétt annarra.

Dómstóllinn benti á að skera þyrfti úr um hvort takmörkunin var nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Við það mat þyrfti að vega og meta andstæða hagsmuni, annars vegar grundvallarréttindi kæranda að miðla trúarlegum skoðunum sínum til almennings og hins vegar í grundvallarrétti annarra til virðingar fyrir hugsanafrelsi sínu, samvisku og trú.

Dómstóllinn tók fram að þeir sem kysu að nýta sér tjáningarfrelsi sitt, hvort sem þeir væru meðlimir trúarlegs meirihluta eða minnihluta, gætu ekki ætlast til þess að geta gert það án nokkurrar gagnrýni. Þeir yrðu að una því að aðrir höfðu þeim trúarskoðunum og prédikuðu aðrar trúarkenningar

Hins vegar voru þau ummæli sem mál kæranda varðaði ekki aðeins hneykslanleg og ögrandi heldur fólst í þeim bein árás á spámann Islam. Þrátt fyrir að nokkurt trúarlegt umburðarlyndi ríkti í tyrknesku samfélagi taldi dómstóllinn að trúaðir menn hefðu réttilega getað talið tiltekna kafla bókarinnar ástæðulausa og móðgandi árás á sig. Með tilliti til þessa taldi dómstóllinn að sakfelling kæranda hefði þjónað því markmiði að veita málefnum, sem múslimir telja afar mikilvæg, vernd gegn móðgandi árásum. Því hefði takmörkunin verið gerð af aðkallandi þjóðfélagslegri þörf. Dómstóllinn leit ennfremur til þess að tyrkneskir dómstólar hefðu ekki gert bókina upptæka og var hin tiltölulega lága sekt sem kærandi fékk talin hafa verið hófleg miðað við þau markmið sem takmörkunin stefndi að.

Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.